FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Algebra og föll
Námsgrein:	stærðfræði
Viðfangsefni:	algebra, föll, gröf, veldi og rætur
Skammstöfun:	STÆR2FG05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Meginefni áfangans er algebra margliða og föll. Áhersla er lögð á stærðfræðileg vinnubrögð, framsetningu lausna og nákvæmni.
Forkröfur:	B á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • margliðum og reikniaðgerðum þeirra • lausnum annars stigs jafna • skilgreiningu falla, for- og varpmengja og myndrænni túlkun falla • línum, skurðpunkti þeirra, teikningu lína og línulegum ójöfnum • annars stigs föllum, vísisföllum, rótarföllum, logrum, algildum og ræðum föllum • þáttareglunni og lausn þriðja stigs jafna með henni
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra verkefna • einfalda margliður • leysa annars stigs jöfnur með ólíkum aðferðum • túlka föll myndrænt • finna jöfnur lína útfrá punktum og skurðpunkt lína • finna núllstöðvar, for- og varpmengi falla og útgildispunkta þeirra • einfalda logra og leysa vísis- og lograjöfnur
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt • skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau • átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna • geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta, þar með taldar sannanir í námsefni • beita skipulegum aðferðum við að leysa úr viðfangsefnum og þrautum, s.s. út frá þekkingu á lausnum svipaðra þrauta

Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.